

# Stangaveiðifélag Akraness

## Verðskrá 2009

Fáskrúð			Andakilsá				
Fjöldi stanga	Verð pr. stöng á dag	Tímabil		Fjöldi stanga	Verð pr. stöng á dag	Tímabil	
2.	37.500	8/7-10/7	strau. 9/7	2.	18.000	22.jún	
2.	37.500	10/7-12/7	strau. 9/7	2.	24.000	26.jún	
2.	37.500	18/7-20/7		2.	29.000	30/6-2/7	
2.	39.500	20/7-22/7	strau. 24/7	2.	37.000	8/7-10/7	straum. 9/7
2.	39.500	22/7-24/7	strau. 24,7	2.	45.000	16/7-18/7	
2.	39.500	30/7-1/8		2.	45.000	24/7-26/7	strau. 24/7
2.	39.500	1/8-3/8		2.	45.000	1/8-3/8	
2.	39.500	3/8-5/8	strau. 8/8	2.	45.000	5/8-7/8	strau. 8/8
2.	39.500	11/8-13/8	strau. 8/8	2.	45.000	9.8-10/8	strau. 8/8
2.	39.500	13/8-15/8		2.	45.000	10/8-11/8	strau. 8/8
2.	39.500	15/8-17/8		2.	38.000	17/8-18/8	
2.	39.500	23/8-25/8	strau. 22/8	2.	38.000	18/8-19/8	strau. 22/8
2.	39.500	25/8-27/8		2.	30.000	25/8-26/8	strau. 22/8
2.	39.500	27/8-29/8		2.	30.000	26/8-27/8	
2.	33.500	4/9-6/9	strau. 6/9	2.	30.000	2/9-3/9	
2.	33.500	6/9-8/9		2.	30.000	3/9-4/9	strau. 6/9
2.	33.500	8/9-10/9		2.	26.000	10/9-11/9	
2.	29.500	16/9-18/9		2.	21.000	15.sep	
2.	29.500	18/9-20/9		2.	21.000	19.sep	
2.	29.500	20/9-22/9		2.	21.000	23.sep	
2.	25.000	24/9-26/9		2.	18.000	27.sep	
2.	25.000	26/9-28/9					

### Laxá í Leirársveit

Fjöldi stanga	Verð pr. stöng á dag	Tímabil	
5.	54.000	5/7-7/7	straumur
7.	48.000	7/9-8/9	
7.	48.000	8/9-9/9	

Skyldufæði er í Laxá, fæði og gisting pr. dag er kr. 12.900.-.

### Miðfjarðará

Fjöldi stanga	Verð pr. stöng á dag	Tímabil
6.	32.000	25/6-27/6

Skyldufæði er í Miðfjarðará, fæði og gisting pr. dag er kr. 15.800.-.

# Tilkynning frá Stangaveiðifélagi Akraness um sölu og úthlutun veiðileyfa og aðalfund árið 2009

Aðalsöludagur veiðileyfa verður laugardaginn 17. janúar n.k. og fer fram að Suðurgötu 108. Þeir sem ætla að kaupa veiðileyfi dragi númer frá kl. 11-12 og verða leyfin afgreidd eftir þeim númerum kl. 14 sama dag. Mánudaginn 19. janúar kl. 20-21 verða óseld veiðileyfi seld félagsmönnum á skrifstofu félagsins að Suðurgötu 108, eftir það verða þau einnig boðin utanfélagsmönnum.

Félagar þurfa að velja sér veiðifélaga og ber að nafngreina þá og veiðia áður en númer er dregið og dregur einn fyrir sig og sína veiðifélaga. Fjarstöddum félögum er heimilt að gefa öðrum leyfi til að draga fyrir sig. Skyld er að greiða árgjald áður en dregið er. Ákveðið hefur verið að gefa félagsmönnum kost á gjaldfresti á 50% keyþra veiðileyfa.

Greiðsluscðlar verða sendir út í mars fyrir eftirstöðvum, með gjalddaga 1. apríl. Ef veiðileyfin eru staðgreidd á söluþegi verður gefinn 10% afsláttur frá verði og 7% afsláttur ef greitt er með kreditkorti.

Veiðileyfi verða seld eftir sömu reglum og áður, þannig að menn hafi frjálst val í þeirri röð sem afgreiðslunúmer þeirra segir til um, ef þeir eru mættir er sala hefst og kemur að þeirra númerum.

Í Fáskrúð eru 2 stangir á dag. Þar eru 2 dagar seldir saman út á nöfn tveggja félagsmanna. Þar hefst veiði kl. 16:00 komudag (kl. 15:00 eftir 15. ágúst sama gildir um hinar árnar) og lýkur kl. 13:00 heimfarardag.

Í Laxá er seld ein og ein stöng út á eitt nafn félagsmanna sama gildir um Miðfjarðará.

Á laxasvæðinu í Andakílsá eru stöku dagarnir seldir með báðum stöngunum út á nöfn tveggja félagsmanna og sama gildir um það, þegar tveir dagar eru seldir saman. Á stöku dögunum hefst veiði kl. 07:00 og lýkur kl. 22:00 (21:00 eftir 15. ágúst) að kvöldi og má koma í húsið kvöldið fyrir veiðidag, en þar sem tveir dagar eru seldir saman hefst veiði kl. 16:00 komudag (kl. 15:00 eftir 15. ágúst) og lýkur kl. 13:00 heimfarardag, sami veiðitími gildir fyrir nokkra staka daga sem seldir eru frá hádegi til hádegis. Veiðileyfi á silungasvæðið í Andakílsá eru frjáls í sölu og verða boðin á söluþegi. Eftir það verða þau seld hjá Stangaveiðifélagi Hafnarfjarðar og á leyfi.is.

Veiðihús með öllum viðlegubúnaði er til afnota fyrir veiðimenn á silungasvæðinu, húsið er staðsett við bæinn Skeljabrekku og má koma í það kvöldið fyrir veiðidag. Veiðikortið 2009 býðst félagsmönnum á kostnaðarverði kr. 5.000.- á söluþegi, eftir það hjá formanni félagsins, síma 899-6132. Kortið gefur rétt til veiði í 31 vatni, sjá [www.veidikortid.is](http://www.veidikortid.is).

Ef ágreiningur kemur upp um ofanskráðar reglur áskilur stjórnin sér rétt til að skera þar úr hverju tilfelli.

## Aðalfundur Stangaveiðifélags Akraness 2009

verður haldinn fimmtudaginn 15. janúar kl. 20:00 að Suðurgötu 108

Fundarefni:

1. Venjuleg aðalfundarstörf

2. Önnur mál.

**Stjórn SVFA**

Verðskrá er á bakhlið. Snú.